

**ÁLYKTUN FÉLAGSFUNDAR IDNSVEINAFÉLAGS  
FLJÓTS DALSHÉRAÐS HALDINN 23.03.1996 Á EGILSTÖÐUM.**

**Fundurinn fordæmir harðlega vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við breytingar á lögum um stéttarfélag og vinnudellur. Fundurinn telur að þessi vinnubrögð samræmist ekki þeim vinnubrögðum sem eðlileg geta talist í lýðræðisþjóðfélagi.**

**Fundurinn lýsir fullum stuðningi við aðgerðir samtaka launafólks til að hrinda þessari árás á grundvallarréttindi þess, og hvetur til samstöðu allra stéttarféлага í landinu gegn þessum yfirgangi ríkisstjórnarinnar.**

*Alþingi**Erindi nr. Þ 120/1512**komudagur 17/4 1996*

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Egilsstöðum 16.04.'96

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttafélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Óskað hefur verið umsagnar Iðnsveinafélags Fljótshéraðs um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni. Svar Iðnsveinafélags Fljótshéraðs fylgir hér á eftir:

Félagið átelur harðlega þau vinnubrögð sem félagsmálaráðherra viðhafði þegar hann lagði fram frumvarpið um stéttarfélag og vinnudeilur og stöðvaði þar með viðræður sem voru í gangi milli aðila vinnumarkaðarins um þau mál. Félagið telur að það eigi að semja um samskiptareglur vinnumarkaðarins í frjálsum samningum. Þær reglur sem fram koma í frumvarpinu eru ekki til þess fallnar að auka á lýðræði í verkayðshreyfingunni. Félagið skorar á félagsmálaráðherra að draga frumvarpið til baka og skapa þannig viðræðugrundvöll á ný.

F.h. Iðnsveinafélags Fljótshéraðs



Iðnsveinafélag Fljótshéraðs  
Míðvangi 2-4 • 700 Egilsstöðum  
Kl. 490272-4889 • Sími 471-1804

*Steindór Gunnar Magnússon*  
Steindór Gunnar Magnússon formaður

Samrit sent öllum þingmönnum og miðstjórn ASÍ